

# STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2000

---

21. desember 2000

2657

Nr. 918

## AUGLÝSING

**um frestun gildistöku reglugerðar um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni) nr. 735/2000.**

Gildistöku reglugerðar um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni) nr. 735/2000, sem taka átti gildi 1. janúar 2001, er hér með frestað til 1. júlí 2001.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 2000.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingolf J. Petersen.*

21. desember 2000

Nr. 919

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

Í stað: „20.000“ í 2. tl 3. gr. komi: 25.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. desember 2000.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*